

# Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2024, þriðjudaginn 23. apríl, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Andra Val Ívarssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 2/2024:

Framkvæmdarstjóri KSÍ

gegn

Hvíta Riddaranum og Ísaki Ólafssyni

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

#### Kærandi:

Framkvæmdarstjóri KSÍ

Jörundur Áki Sveinsson, settur framkvæmdastjóri

#### Kærðu:

Hvíti Riddarinn og Ísak Ólafsson

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 2. apríl 2024 var tekin fyrir greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 2. apríl 2024, sem send var nefndinni skv. grein 21.2 í lögum KSÍ.

Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 2. apríl 2024. Greinargerð barst frá kærðu þann 9. apríl 2024.

### II.

#### Málsatvik:

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ kemur fram að málið varði útfyllingu leikskýrslu í leik KFK og Hvíta Riddarans, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ. Í ljós hafi komið eftir athugun skrifstofu KSÍ að í liði Hvíta Riddarans í umræddum leik, hafi leikið Guðbjörn Smári Birgisson en nafn hans var ekki skráð á leikskýrslu af hálfu Hvíta Riddarans. Þá hafi umræddur leikmaður átt að taka út leikbann í umræddum leik skv. úrskurði aga- og úrskurðarnefndar frá 19. mars 2024.

Leikskýrsla Hvíta Riddarans hafi verið undirrituð af forystumanni liðsins, Ísaki Ólafssyni, sem er aðstoðarþjálfari liðsins.

Ofangreint kunnir að fara að gegn ákvæðum 36.1, 36.3 og 36.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

### III.

Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 2. apríl 2024 og barst greinargerð frá kærðu þann 9. apríl 2024.

Í greinargerð kærðu er viðurkennt að vegna „kunnáttuleysis og barnaskapar“ hafi nafn Guðbjörns Smára Birgissonar ekki verið sett á leikskýrslu og nafn annars leikmanns, sem upphaflega átti að spila leikinn, verið haft inni og skýrslunni þannig skilað inn.

Af hálfu kærðu er á það bent að þeir hafi átt í vandræðum með að fylla leikmannahóp og hafi því sett sig í samband við þjálfara KFK og athugað hvort félagið hefði athugasemdir við að fyrrnefndur Guðbjörn spilaði leikinn þrátt fyrir að vera í leikbanni. Að sögn kærðu gerðu KFK ekki athugasemd við það.

Kærðu bera því við að það hafi ekki verið ásetningur að villa fyrir KSÍ með því að skila inn rangri skýrslu heldur hafi um hugsunarleysi verið að ræða. Er af hálfu kærðu enn fremur beðið velvirðingar og ítrekuð ósk um mild viðurlög komi til þeirra og að ósk um að Ísak Ólafsson verði ekki dæmdur í bann á grundvelli ákvæðis 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

### IV.

#### Niðurstaða:

Málið varðar þá háttsemi Hvíta Riddarans að nota leikmann í liði leiksins gegn KFK, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ, sem var á þeim tíma í leikbanni. Þá varðar málið jafnframt að Hvíti Riddarinn hafi falsað nafn þátttakanda með því að skrá nafn leikmanns á leikskýrslu sem ekki spilaði leikinn en í hans stað lék leikmaðurinn Guðbjörn Smári Birgisson, sem var á þeim tíma í leikbanni skv. úrskurði aga- og úrskurðarnefndar.

Í málinu liggur fyrir að Hvíti Riddarinn hefur gengist við báðum brotum.

#### *Ólöglega skipað lið*

Um deildarbikarkeppni karla er fjallað í samnefndri reglugerð KSÍ. Í gr. 5.1 í reglugerðinni segir að knattspyrnulögin séu í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, eftir því sem við á.

Samkvæmt grein 6.3 í umræddri reglugerð skal forráðamaður heimaliðs, áður en leikur hefst, afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu en þó skal markvörður/markverðir skráðir fyrstir. Í 10. gr. reglugerðarinnar er fjallað um sektir og skal lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, sæta sekt að fjárhæð kr. 30.000, og að auki kr. 30.000 fyrir hvern leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með viðkomandi félagi og tekur þátt í leiknum. Svo er kveðið á um það í grein 11.2 að félag sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Óumdeilt er að leikmaður Hvíta Riddarans, Guðbjörn Smári Birgisson, var ekki hlutgengur í umræddum leik sökum leikbanns. Var lið Hvíta Riddarans því ólöglega skipað til leiks og skal sæta sekt að fjárhæð kr. 60.000.

Í máli nr. 1/2024, framkvæmdastjóri KSÍ gegn KFK og Búa Vilhjálmi Guðmundssyni, sem kveðinn var upp samhliða úrskurði þessum, var komist að þeirri niðurstöðu lið KFK, hafi jafnframt verið ólöglega skipað í leik Hvíta Riddarans gegn KFK, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ þar sem félagið hafi notað tvo leikmenn í leiknum sem sættu leikbanni á sama tíma.

Í ljósi þess að bæði liðin voru ólöglega skipuð í leiknum verða úrslit hans látin standa óhöggðu þrátt fyrir orðalag ákvæðis gr. 11.2 í reglugerðinni, um að lið sem noti leikmann í leikbanni teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3, nema tap hafi verið stærra.

#### *Fölsun leikskýrslu*

Er enn fremur óumdeilt að umræddur leikmaður kærða, sem var í leikbanni, var ekki skráður á leikskýrslu en spilaði leikinn og var annar leikmaður, sem ekki spilaði leikinn, skráður á skýrslu í hans stað. Telst umrædd háttsemi fela í sér fölsun á leikskýrslu. Er um sjálfstætt brot að ræða sem samkvæmt grein 36.3 í reglugerð um knattspyrnumót varðar sektum allt að kr. 100.000 í meistaraflokki, sé um vísitandi brot að ræða.

Telur aga- og úrskurðarnefnd ljóst, miðað við gögn málsins og skýra viðurkenningu kærða, að Hvíti Riddarinn hafi vísitandi ranglega fyllt út leikskýrslu í leik Hvíta Riddarans og KFK með því að falsna nafn og kennitölu þátttakanda. Hefur Hvíti Riddarinn gengist við brotinu og vísa til þess í greinargerð sinni að leikmanninum hafi verið spilað undir öðru nafni. Í samræmi við grein 36.3 í reglugerð um knattspyrnumót skal því Hvíti Riddarinn til viðbótar framangreindri sekt sæta sekt að fjárhæð kr. 100.000.

Samkvæmt grein 36.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn eða kennitala er fölsuð á leikskýrslu sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í knattspyrnu í allt að eitt ár. Við mat á beitingu ákvæðisins horfir aga- og úrskurðarnefnd til þess hver beri ábyrgð á fölsun leikskýrslu í því tilviki sem hér um ræðir og ber í því samhengi að horfa til atvika máls og til þeirra gagna sem liggja fyrir.

Í samskiptum kærðu við KSÍ, dags. 25. mars 2024, er ástæða þess að skráning var með þeim hætti sem varð rakin til vilja kærðu til að spila á sínu sterkasta liði þar sem leikurinn hafi í raun verið þýðingarlítill fyrir bæði félög og því hafi umræddur leikmaður verið notaður þrátt fyrir að hafa verið í leikbanni. Var kærðu ljóst frá upphafi að leikskýrslan væri ranglega úr garð gerð og því skýr ásetningur fyrir hendi. Fyrir liggur staðfesting kærða á að Ísak Ólafsson, sem skráður var aðstoðarþjálfari kærða í umræddum leik, hafi ritað undir leikskýrsluna. Með því að rita undir og staðfesta innihald leikskýrslunnar bar Ísak ábyrgð á því að innihald hennar að því varðar lið kærða hafi verið rétt.

Ísak Ólafsson er titlaður sem aðstoðarþjálfari Hvíta Riddarans á leikskýrslunni en horfa verður einnig til þess að hann var eini aðilinn í liðstjórn liðsins skv. skýrslunni og er skráður yfirþjálfari kærða hjá KSÍ. Er það mat aga- og úrskurðarnefndar að hann falli skýrlega innan ákvæðis 36.4.

Með vísan til framangreinds er það mat aga- og úrskurðarnefndar að Ísak Ólafsson beri ábyrgð á fölsun leikskýrslu í leik í leik Hvíta Riddarans gegn KFK, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ. Með vísan til greinar 36.4, alvarleika brotsins og þess að brotið er framið í deildarbikarkeppni KSÍ og að teknu tilliti til gagna málsins í heild og þeirrar stöðu sem kærði, Ísak gegnir innan Hvíta Riddarans, skal Ísak Ólafsson sæta leikbanni í leikjum Hvíta Riddarans í keppnum á vegum KSÍ í 3 mánuði. Leikbann Ísaks Ólafssonar tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar

## VI.

### Úrskurðarorð:

Hvíti Riddarinn skal sæta sekt samanlagt að fjárhæð kr. 160.000 til KSÍ.

Ísak Ólafsson skal sæta leikbanni í leikjum Hvíta Riddarans í keppnum á vegum KSÍ í þrjá mánuði.

Úrslit í leik Hvíta Riddarans gegn KFK, sem fram fór þann 22. mars 2024, í riðli 3 í B deild Lengjubikars KSÍ, standa óhögguð.

### Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]